

## TVÆR FERÐIR MÁS AÐ ÞVERÁ 2015

Kæru félagar í Vínafélagi Þverárkirkju!

Mína árlegu vorferð norður fór ég í maí. Ég ók á nýja Toyota Yaris Hybrid til Akureyrar á 4,0 l af bensíni á hverja 100 km. Sr. Pétur Þorsteinsson úr Hraustum Mönnum stóð á stéttinni hjá Áskatli Kárasyni H.M., nýkominn úr kaffivélinni. Fleiri H.M. ekki á staðnum vegna verkfallsaðgerða, en sr. Bragi og Halldór taka starf sitt að þeim málum afar alvarlega. Áskell og frú Vilborg héldu okkur veislu, að Evu viðstaddri. Daginn eftir var uppstigningardagur og sr. Pétur fræddi Akureyringa, úti um allan bæ, um tilefni hátíðarinnar. Í leiðinni keypti hann vinarbrauð með morgunkaffinu.

Síðdegis ókum við þrjú karlarnir austur að Litlu-Laugum, sem er ættaróðal Áskels. Í leiðinni gerðum við stans hjá frænda mínum, Sigurði Bjarklind, í sumarhúsi hans, Mariugerði við Ysta-Fell í Kinn. Þar hefur Sigurður gert fagurlega upp gömlu Strympu, sem eitt sinn var samkomuhús og þinghús sveitarinnar. Sigurður er sonarsonur Unnar Benediksdóttur Bjarklind (Huldu skáldkonu), og kennir í M.A. og í H.A. ýmsar greinar sem tengjast líffræði og skyldum greinum. Sigurður sýndi okkur staðinn, sem hann hefur auðgað með fallegum útihúsum, og hefur hvert þeirra sitt hlutverk. Það var virkilega ánægjulegt að hitta frænda, sem ég hef lengi vitað af, en ekki séð áður. Bróðir hans, Jón, starfar í Herrahúsinu á Laugavegi, og hann hitt ég í hverri viku, enda starfa ég sjálfur við sömu götu. Ég þakka Sigurði og Grétu fyrir móttökurnar.

Við karlarnir héldum síðan að Litlu-Laugum, sem eru að hluta í eigu Áskels, en hann er sonur Ingibjargar (f. 1935) Áskelsdóttur (1898-1997), Sigurjónssonar (1867-1950), bónda á Litlu-Laugum og um tíma Alþingismanns, Friðjónssonar (1838-1917), bónda á Sandi í Aðaldal. Sigurjón var skáld symbolismans og vinur Benedikts á Auðnum, sem bjó handan við hálsinn, frá Litlu-Laugum séð. (Bróðir Sigurjóns var Guðmundur (1869-1944) raunsæisskáld á Sandi. Guðmundur var lengi lasinn sem ungur maður og gerðist þver og sérvitur. Þekkt er uppreisn hans gegn vesturferðum Íslendinga, annars vegar, og kaupfélagsmönnum, hins vegar, en þar var Benedikt frá Auðnum í forystu).

Eftir grill, og góða nótt, héldu Áskell og Pétur til Akureyrar, en ég til Húsavíkur. Þar heimsótti ég Guðna Halldórsson, sem lengi var forstöðumaður Safnahússins á Húsavík. Guðni tók við húsinu af Finni Kristjánssyni, þeim sem starfaði lengi fyrir og með Jóhanni Skaptasyni, frænda mínum, að framgangi mála við stofnun hússins, og var síðan lengi forstöðumaður (frá 1980). Þetta má sjá í Árbók Þingeyinga 1992, bls.268-269. Guðni veiktist og hætti árið 2006, eftir ötult og gott starf. Við tók Sigurjón Baldursson, en fljótlega Sigrún Kristjánsdóttir, sem frægt er orðið. Hún umturnaði öllu safninu, fáum til gleði. Hún eyðilegði m.a. stofu Jóhanns og Sigríðar Víðis, og sagði, þegar hún var innt eftir því, að söfn mættu alls ekki vera persónuleg! Húsvíkingar og Víðisar voru, frómt frá sagt, afskaplega óánægðir með aðgerðir Sigrúnar, og litu margir á þær sem skemmdarverk. Guðni komst allur í uppnám meðan hann sagði mér söguna í grófum dráttum, og treysti sér ekki til að segja hana í smáatriðum, „enda hættur á safninu“. Sif Jóhannsdóttir stýrir safninu núna. Auk þess ráða í húsinu héraðsskjalavörður og ritstjóri Árbókar Þingeyinga.

Guðni sagði mér frá því að Snædís frænka mín á Kaldbak væri skilin við Sigurjón sinn. Þetta voru nýjar fréttir fyrir mér, svo ég renndi á Kaldbak og innti Snædísí fréttina. „Jú, það stemmir, ég skildi við hann, það tók gildi um áramótin“. Snædís sagði þau hjón hafa fjarlægst, með því að Sigurjón hefur verið meira og minna í Noregi í 5-6 ár. Snædís er ánægð og er létt.

Með þessar fréttir bankaði ég uppá hjá Áskatli á Þverá, þar sem ég gisti. Við Áskell drukkum saman úr einni rauðvínsflösku og hann sagði mér sögur úr sveitinni og af framkvæmdum við kirkjuna, sem fer

nú að ljúka. Aðeins á eftir að mála lítilega, en það gera þau hjónin Snorri og Kristjana. Við fórum út og virtum fyrir okkur kirkjuna, sem „er fallettri og betri en hún hefur nokkru sinni áður verið,“ sagði kirkjubóndinn.

Áskell sýndi mér bókhald viðgerðanna, og ég færði honum drög að greinargerð þeirri sem ég er að setja saman um viðgerðirnar, til yfirlstrar. Greinargerðina sendi ég síðan til ykkar, félaga í Vinafélaginu, þegar hún er tilbúin. Hún er einnig saman tekin handa Árbók Þingeyinga, til upplýsinga fyrir síðari tíma, og birtist þar líklega haustið 2016. Það er nú ljóst að Áskell hefur unnið þrekvirki með umfangsmikilli vinnu sinni við viðhald kirkjunnar. Fjöldamargir fleiri hafa komið þar að máli, eins og ég tíunda í skýrslunni.

Ég ók nú í vesturátt. Séra Pétur rakst ég á í miðbæ Akureyrar og ók honum út á flugvöll. Síðan hélt ég ótrauður áfram til Siglufjarðar. Ég hafði mælt mér mót við frænku mína Guðrúnu Ingimundardóttur (29.06.1963 á Húsavík), en hún býr á Siglufirði ásamt manni sínum Gústafi Daníelssyni og kennir við Tónskóla Fjallabyggðar. Rúna er doktor í tónsmíðum, tónskáld og tónlistarmannfræðingur. Hún er áhugakona um verndun íslenskrar þjóðmenningar og vinnur á vegum menntamálaráðuneytis að því „að greina þætti menningararfða (óáþreifanlegs menningararfs) sem finnast á Íslandi með því að safna upplýsingum um stofnanir, frjáls félagasamtök, hópa, og jafnvel einstaklinga, sem vinna með íslenskar menningar-erfðir. Markmið verkefnisins er að afla nauðsynlegra upplýsinga til að innleiða megi sáttmála UNESCO um verndun menningararfða, frá árinu 2003, og uppfylla ákvæði hans.“ Rúna starfar m.a. að því að vinna úr þeim lögum sem Benedikt á Auðnum, langalangafi hennar, sendi séra Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði. Benedikt sendi 111 lög, en 60 þeirra birtust í bók Bjarna. Samstarf Rúnu og Hlífur Sigurjónsdóttur fiðluleikara snýr m.a. að þjóðlögum. Rúna er einn af stofnendum Stemmu – landssamtaka kvæðamanna (2013) og er formaður þeirra. Hún á tvo syni, eins og sjá má í *Niðjatali Jóns og Herðísar* á heimasíðu minni.

Ég drakk kaffi með Rúnu og Gústafi í Siglufjarðarbakaríi. Hún sendi mér síðan skeyti:

Sæll frændi!

Takk fyrir stundina í bakaríinu í gær. Pabbi var að senda mér [þessa sögu]: Þegar Jón Jóakimsson, langalangafi [okkar], sem byggði kirkjuna á Þverá, leit á grunninn, á hann að hafa sagt: „Er hún þá hornskökk, helvítis boran!“

Bestu kveðjur,  
Rúna í maí 2015.

Guðrún Jakobína, kona Hrafnkels Hall, frænnda míns, var í bakaríinu að sinna sínum störfum og fylgdist með okkur Rúnu og Gústa. Hún bauð mér síðan að gista. Að hitta Guðrúnu, aka um Siglufjörð, fara í sundhöllina og virða fyrir mér sjóndeildarhringinn fagra, er að verða upplifun sem ég verð að finna fyrir árlega.

Nú leið sumarið. Ég hringdi af og til í Áskel á Þverá til að heyra hvernig gengi með málningavinnuna. Haustið var misviðrasamt og það dróst að ég færi í mína haustferð norður. Það er ekki fyrr en 23. október sem ég fór af stað, núna á Toyota RAV4 (hann fór með 8 l/100 km). Fyrsta daginn fór ég á Siglufjörð, hvað annað? Á leiðinni fór ég í sund á Blönduósi, enda Hofsóslaugin lokuð um miðjan dag á þessu árstíma. Kaffi fékk ég í Ketilási. Síðan fór ég til Guðrúnar Jakobínu í bakaríinu. Mér er velkomið að gista. Ég greiði fyrir mig, eins og venjulega, með því að láta einn hundrað króna pening í hvern níu peningabauka barnabarnanna. Það er kjúklingur í matinn.

Næsta dag fór ég að Litlu-Laugum í Reykjadal, en þar var þá Áskell Kárasón, með viðkomu í sundlauginni á Ólafsfirði, enda er sundhöllin á Siglufirði lítið opin að vetrarlagi! Ég ræddi lengi við Ólafsfirðing í heita pottinum. Hann vissi allt um hitaveitur og vatnsvirkjanir á svæðinu, hafði unnið

fyrir þær allar og sagði mér hvað maðurinn heitir sem ég drakk kaffi með í Ketilási, enda var sá starfsmaður Skeiðsfosstöðvar. Þegar að Litlu-Laugum kom stóð yfir skákmót sameinuðu hreppanna í barnaskólanum. Þegar því lauk fórum við Áskell í sjoppuna handan ár og borðuðum pizzur við undirleik fótboltsjónvarps. Staðurinn getur ekki ákveðið hvað hann er; skólasjoppa, bar, veitingahús, kaffihús, sportbar, grillstaður eða vegasjoppa; svo hann er þetta allt, og í leiðinni ekkert af þessu.

Áskell lánaði mér bók sem frændi hans, Arnór Sigurjónsson, skrifaði um föður sinn *Sigurjón Friðjónsson*, af Sandsætt, en hann var langafi Áskels. Á Sigurjón minntist ég áður í þessu bréfi. Í bókinni er rakin hin merka saga Suður-Þingeyinga um aldamótin 1900. Benedikt á Auðnum kemur þar við sögu. Sigurjón var um tíma bóndi á Litlu-Laugum. Áskell, sonur hans, afi Áskels míns, var um tíma bóndi þar líka, en byggði síðan nýbýlið Laugafell í landi Litlu-Lauga. (Unnur Sigurjónsdóttir byggði Laugaból, en Dagur, kennari og skólastóri, hélt bú á Litlu-Laugum, ásamt annarri systur sinni).

Næsta dag fór ég að Þverá. Við Áskell Jónasson drukkum saman úr einni rauðvínsflösku meðan við fórum yfir skýrsluna mína um viðgerðirnar á kirkjunni. Skýrsluna má lesa á heimasíðu minni, undir Þverá. Hún heitir *Þveráarkirkja lagfærð 2011-2015* og er nánast tilbúin, en er þó ennþá án mynda. Auðvitað er kafli um Vinafélagið í skýrslunni. Það var nokkur snjór í dalnum og frostið fór niður fyrir 10 gráður um nóttina. Við fórum í kirkjuna daginn eftir og ég tók nokkrar myndir. Kirkjan var þægilega hlý þótt kalt væri úti.

Viku síðar skírði sr. Þorgrímur Daníelsson yngri son Benedikts á Auðnum í Þveráarkirkju. Hann fékk nafnið Áskell Frans. Á mynd sem Mbl. birti 7. nóv., og tekin er við athöfnina í kirkjunni, má sjá prestinn, Benedikt Hrólf, Áskel litla, eldri bróður hans, Þormóð Jón, og móður drengjanna og konu Benedikts, Guðmundu Steinu Jósefsdóttur. Á myndinni sést einnig altariстаfla Arngríms málara, eftir að Snorri og Kristjana höfðu málað yfir bláa litinn sem Benedikt áhugamáleri Jónsson hafði sett á ramma myndarinnar fyrir 100 ára afmæli kirkjunnar. Það er mikil blessun að enn skuli fæðast börn í Laxárdal. Ég óska þeim hjónum velfarnaðar á Auðnum. Sjá má greinina í Mbl. á Facebookar-síðunni *Laxdælir*, en hún er opin öllum þeim sem sækja um aðgang.

Áskell Jónasson lánaði mér bók sem Þorgeir Þorgeirsson tók saman um ævi Líneyjar Jóhannesdóttur á Laxamýri. Bókin heitir *Það er eitthvað sem enginn veit* og kom út hjá Iðunni árið 1975. Ég hafði áður heimsótt eftirlifandi konu Þorgeirs, Vilborgu Dagbjartsdóttur, til að komast yfir eintak af bókinni, en fékk ekki. Í staðinn gaf Vilborg mér eintak af ljóðasafni sínu, sem þá var að koma út, og fékk ég bókina áður en hún fór í búðir. Það var gaman að ræða við þá greindu konu af beatnik-kynslóð. Ég skrifaði síðan grein um *Laxamýrarfólkið*, sem nú er að finna á heimasíðu minni (Niðjatöl & ættingjar/Sögur af Þveræingum). Líney minnst á Benedikt og Guðnýju á Auðnum, en hún kynntist þeim, eftir að þau fluttu til Húsavíkur. Hún ber þeim vel söguna, einkum Guðnýju, og ég birti kaflann um þau í þessari sögu minni. Um *persónuleikaeinkenni Benedikts á Auðnum*, í minni samantekt, má lesa á heimasíðu minni (Niðjatöl & ættingjar/Sögur af Þveræingum). Laxamýrarfólkið minnir um sumt á Sandsfólkið, en ég hef gaman af að bera þessar fjölskyldur saman við Þveræingana. Mér tókst ekki að leysa gátuna; hvað það var sem enginn vissi!

Í Þveráarkirkju er altariстаfla eftir *Arngrím Gíslason málara*. Arngrímur var sonur Skarða-Gísla, sem kenndur er við Skörð og Skarðaborg í Reykjahverfi, rétt ofan Laxamýrar. Arngrímur tengist Þverá á ýmsa vegu. Ég skrifaði því sögu Arngríms, sem nú má lesa á heimasíðu minni (Þverá). Arngrímur endaði ævi sína á Tjörn í Svarfaðardal, en þar er nú Arngrímsstofa, til minningar um málaraann.

Þveræingar eru ættaðir frá Mýri í Bárðardal. Herdís Ásmundsdóttir, kona Jóns Jóakimssonar, var dóttir Guðnýjar Jónsdóttur í Mýri. Ég hef nú skrifað sögu Mýrargensins, eða hef amk. byrjað þá sögu. Mýrargenið er tónlistargen, en óvenjumargir afkomendur Guðnýjar eru tónlistarmenn eða ötulir áhugamenn um músík. Guðný átti tvo menn, Ásmund Davíðsson og Benedikt Indriðason. Ekki skiptir

máli hvor þeirra kom við sögu, það eru tónlistarmenn báðum megin. *Sögu Mýrargensins* má lesa á heimasíðu minni (Um mig/Tónlist). Ábendingar um fleiri músíkkanta og/eða betri skilning á geninu eru vel þegnar.

Þegar Jón J. Víðis ók niður af Sprengisandi árið 1933 kom hann fyrst niður að Mýri, enda innsti bær í Bárðardal að vestanverðu (ef Mjóidalur er ekki með talinn). Ég hef nú búið um *Sprengisandsferðina 1933* til birtingar á heimasíðu minni, undir nafni Jóns. Þar má einnig lesa stutta greinargerð á ensku, *A Stone for Jon*, um Jón J. Víðis, Jónsstein, Þverá og Laxárdal, sem við Regína Ragnarsdóttir, kona Jóns Víðis yngri, tókum saman.

Á fjórða degi fór ég í Safnahúsið á Húsavík, til að líta í dagbækur Jóns J. Víðis, að leita upplýsinga um Sprengisandsferðina 1933. Mér var síðan meinaður aðgangur að sundlauginni í bænum vegna skólasunds, þannig að Blönduós varð aftur fyrir valinu, enda góð laug. Heiti potturinn þar er jafngóður heita pottinum í sundlauginni á Laugum (sem er næstum ekkert opin að vetri til, þótt hún sé full af vatni). Vel heppnaðri ferð var lokið. Það er svolítið öðruvísi að ferðast um landið að vetri til, og ekkert verra. Ljosið er alltaf jafn fallegt, bæði á himni og á jörðu.

Kær kveðja til félaga í Vínafélagi Þverárkirkju!

Már Viðar Mátsson,

1. des. 2015.